

ORKUSTOFNUN			
Skjalasafn			
Dags. mótt.	13. 05. 2011	Abm.	10
Málsnúmer	2011 05 0015	Aðrir	HP
Skjalalykill	10.5	---	IP
Verknúmer	1113 000	Trúin	GM
Fekki raths.		Afrit til	



Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Mál: 11.17
Dags.: 2011-05-12

Varðar: Leyfi Orkustofnunar til byggingar nýrra raforkuflutningsvirkja

Vegna tengingar fyrirhugaðrar kísilverksmiðju Íslenska kísilfélagins í Helguvík við flutningskerfi Landsnets þarf að leggja 132 kV háspennustreng frá tengivirkinu við Fitjar að tengivirki við Helguvík samanber hjálagða lýsingu framkvæmdarinnar.

Landsnet óskar hér með eftir því að Orkustofnun gefi út leyfi til að byggja ofangreinda raflínu, sbr. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Virðingarfyllst,

Þórður Guðmundsson
Forstjóri

Hjálagt:

Fylgigögn með umsókn til Orkustofnunar vegna leyfis til að reisa reka ný raforkumannvirki.





Orkustofnun gjörir kunnugt:

að skv. 2. mgr. 9. grein raforkulaga nr. 65/2003 og 12. grein reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum, er

Landsneti hf.

veitt leyfi til að reisa og reka flutningsvirkið

Fitjar - Helguvík

Leyfi þetta er veitt á grundvelli þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókninni og afluð var á umsóknarferlinu og skilyrðum er fram koma í forsendum Orkustofnunar fyrir leyfisveitingunni.

Orkustofnun, 15. desember 2011

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðni A. Jóhannesson', written over a horizontal line.

Guðni A. Jóhannesson
Orkumálastjóri

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK


Reykjavík, 14. desember 2011
Tilvísun: 2011070001/10.5
Verknúmer: 1113000

Efni: Leyfi fyrir nýju flutningsvirki, Fitjar – Helguvík

Vísað er til erindis Landsnets hf., dags. 12. maí 2011, þar sem óskað var eftir leyfi stofnunarinnar til að reisa nýtt flutningsvirki milli Fitja og Helguvíkur vegna fyrirhugaðrar teningar kísilverksmiðju Íslenska kísilfélagsins í Helguvík. Um er að ræða lagningu 132 kV háspennustrengs frá tengivirkinu við Fitja að nýju tengivirki í Helguvík.

Með vísan til 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 veitir Orkustofnun hér með Landsneti hf. leyfi til að reisa og reka fyrrgreint flutningsvirki milli Fitja og Helguvíkur með þeim skilyrðum sem fram koma í meðfylgjandi greinargerð, Fitjar – Helguvík; Forsendur fyrir leyfisveitingu, dags. 14. desember 2011.

Virðingarfyllst,



Guðni A Jóhannesson

Fylgiskjöl:

Fitjar - Helguvík - forsendur fyrir leyfisveitingu

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. desember 2011
Tilvísun: 2011070001/10.5
Verknúmer: 1113000

Efni: Fitjar - Helguvík – forsendur fyrir leyfisveitingu

Í eftirfarandi greinargerð Orkustofnunar er gerð grein fyrir forsendum og rökstuðningi stofnunarinnar fyrir leyfisveitingu til byggingar nýrra flutningsvirkja milli Fitja og kísilverksmiðju í Helguvík.

Umsókn og fylgigögn

Með erindi, dags. 12. maí sl., barst Orkustofnun umsókn Landsnets hf., þar sem með vísan til 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er sótt um leyfi til byggingar nýrra flutningsvirkja milli Fitja og kísilverksmiðju í Helguvík. Sótt er um leyfið fyrir ofangreindum flutningsvirkjum til Orkustofnunar á grundvelli 2. mgr. 9. gr. raforkulaga.

Umsókninni fylgdi greinargerð fyrirtækisins um framkvæmdina, kostnaðaráætlun og mat á arðsemi fjárfestingar eins og frekar er gerð grein fyrir hér að neðan:

Flutningsvirki sem sótt er um leyfi fyrir

Sótt er um leyfi fyrir jarðstreng milli Fitja og Helguvíkur, vegna tengingar kísilverksmiðju Íslenska kísilfélagsins í Helguvík við flutningskerfi Landsnets. Gert er ráð fyrir að lagður verði 8,9 km langur 132 kV jarðstrengur frá Fitjum að áætluðu tengivirki Landsnets í Helguvík.

Staðsetning raforkuvirkis

Jarðstrengurinn er í Reykjanesbæ og sveitarfélaginu Garði. Tengivirkið á Fitjum og nýtt tengivirki sem reist verður í Helguvík eru í Reykjanesbæ.

Endanlegar teikningar af mannvirkinu og afstöðumynd af því liggur ekki fyrir við útgáfu leyfisins en með umsókninni fylgdi verkfræðiteikning af óstaðsettri byggingu í Helguvík og kort er sýnir legu strengsins sem mun liggja frá Fitjum að Helguvík.

Aðrar umsóknir eða leyfisveitingar sem tengjast umsókninni

Forsendur fyrir leyfisveitingunni eru að:

- Skiplagsyfyrvöld Reykjanesbæjar, Garðs geri nauðsynlegar breytingar á sínu aðalskipulagi
- Framkvæmdir í Helguvík verði byggðar á gildandi deiliskipulagi
- Núverandi lagnabelti fyrir 220 kV strengsett sem eru á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar verði nýtt fyrir strenginn

Skýrsla um undirbúningsvinnu

Við undirbúning framkvæmdarinnar hefur verið haft samráð við Íslenska kísilfélagið, Reykjanesbæ, sveitarfélagið Garð, HS Veitur og keflavíkurflugvöll.

Umhverfismat

Miðað við gróflega staðsetningu á tengivirki í Helguvík er gert ráð fyrir að jarðstrengurinn sé styttri en 10 km. Framkvæmdin þarf því ekki að fara í umhverfismat svo framarlega sem

staðsetning tengivirkis í Helguvík, þegar endanlegt skipulag Reykjanesbæjar og Garðs liggur fyrir, geri ekki kröfu til lengri strengs en 10 km.

Aðrir valkostir

Landsnet telur ekki neina aðra valkosti vera í stöðunni þar sem loflína kemur ekki til greina vegna nálægðar við Keflavíkurflugvöll.

Rekstur flutningskerfisins

Framkvæmdin hefur engin afgerandi áhrif á kerfisáætlun og aukið álag vegna Kísilverksmiðjunnar léttir á tengingu Suðurnesja við megin flutningskerfið og eykur líkur á því að hægt sé að reka kerfið sem eyju í truflanarekstri.

Framkvæmd og framkvæmdatími:

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist haustið 2011. Miðað er við að mannvirkin verði tekin í rekstur í lok árs 2012.

Arðsemi framkvæmdar

Eftir ítarlega skoðun á þeim gögnum sem Landsnet hefur lagt fram með umsókn sinni veitir Orkustofnun, með vísan til 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, hér með fyrirtækinu leyfi til byggingar flutningsvirkis sem felur í sér lagningu á 8,9 kílómetrum af 132 kV jarðstreng milli Fitja og Helguvíkur ásamt uppsetningu á rofabúnaði í tengivirkjum að Fitjum og í Helguvík.

Leyfisveitingin er háð því að skipulagsyfirvöld heimili lagningu strengsins þannig að lengd hans verði ekki meiri en 10 km.

Leyfi þetta undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem mælt fyrir um í lögum. Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Erla Björk Þorgeirsdóttir
verkefnisstjóri - raforkumál


Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur